

# FÉLAGSDÓMUR

Mál nr. 1/2024:

Alþýðusamband Íslands

fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands

fyrir hönd Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

vegna A

(*Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður*)

gegn

Sambandi íslenskra sveitarfélaga

fyrir hönd sveitarfélagsins Árborgar

(*Anton Björn Markússon lögmaður*)

## Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 28. maí sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Björn L. Bergsson, Ragnheiður Bragadóttir, Karl Ó. Karlsson og Eva B. Helgadottir.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands, Stórhöfða 31 í Reykjavík, fyrir hönd Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi, Austurvegi 9 á Selfossi, vegna A.

Stefndi er Samband íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 35 í Reykjavík, fyrir hönd sveitarfélagsins Árborgar, Austurvegi 2 á Selfossi.

### Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi kveðst gera eftirfarandi dómkröfur vegna A:

Að viðurkennt verði að sveitarfélagið Árborg hafi brotið gegn ákvæðum 12. kafla kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rafiðnaðarsambands Íslands með því að telja alla almanaksdaga á tímabilinu 13. september 2021 til og með 28. febrúar 2022 sem veikindadaga A, án þess að bæta A að fullu fyrir þá daga sem hann var ekki frá vinnu vegna veikinda.

Að viðurkennt verði að sveitarfélagið Árborg hafi frá og með 1. mars 2022 brotið gegn 12. kafla kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rafiðnaðarsambands Íslands með því að krefjast þess að A legði fram 100% veikindavottorð þegar hann var einungis veikur sem nam 40% veikindum en sinni 60% starfi.

- Stefnandi kveðst gera eftirfarandi dómkröfur vegna Rafiðnaðarsambands Íslands:

Að viðurkennt verði að við talningu veikindadaga, samkvæmt 12. kafla kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rafiðnaðarsambands Íslands, sé sveitarfélaginu

Árborg óheimilt að telja alla almanaksdaga sem veikindadaga á tímabili þar sem starfsmaður er einungis veikur að hluta og sinnir vinnu að hluta, án þess að bæta starfsmanni að fullu fyrir þá daga sem hann er ekki frá vinnu vegna veikinda.

Að viðurkennt verði að sveitarfélaginu Árborg sé óheimilt að gera það að skilyrði fyrir nýtingu veikindaréttar samkvæmt 12. kafla kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rafiðnaðarsambands Íslands að starfsmaður leggi fram vottorð um 100% veikindi á tímabili þar sem starfsmaður er einungis veikur að hluta og sinnir vinnu að hluta.

- 3 Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnda.

#### **Dómkröfur stefnda**

- 4 Stefndi krefst sýknu af fyrri kröfuliðum í dómkröfum stefnanda. Þess er aðallega krafist að seinni kröfuliðum dómkröfna stefnanda verði vísað frá Félagsdómi en til vara að stefndi verði sýknaður af þeim. Þá krefst stefndi í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda.

#### **Málavextir**

- 5 Mál þetta verður rakið til þess að A, sem hafði starfað sem kerfisstjóri hjá sveitarfélaginu Árborg í meira en tíu ár, fór í veikindaleyfi 13. september 2021. Hann er félagsmaður í Félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi, sem á aðild að Rafiðnaðarsambandi Íslands, sem hefur gert kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd tiltekinn sveitarfélaga, þar með talið Árborgar. Fyrir liggur að starfsmaðurinn hafði á þeim tíma áunnið sér 175 daga í veikindarétt, sbr. grein 12.2.1 í kjarasamningi. Meðal gagna málsins eru læknisvottorð vegna veikinda starfsmannsins þar sem fram kom að honum væri ráðlagt að vinna ekki í meira en 60% starfshlutfalli.
- 6 Frá 13. september 2021 til og með 28. febrúar 2022 var starfsmaðurinn í 60% vinnu hjá stefnda en að öðru leyti veikur. Samið var um að starfsmaðurinn myndi starfa þrjá daga vikunnar, það er þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga. Greiðslur veikindalauna féllu niður 1. mars 2022 með vísan til þess að starfsmaðurinn hefði tæmt kjarasamningsbundinn veikindarétt sinn. Í læknisvottorði frá 7. mars 2022 kom fram að starfsmaðurinn væri áfram óvinnufær að hluta frá 1. mars 2022 til 30. apríl 2022 og ráðlagt að vinna að hámarki 60%. Starfsmaðurinn skilaði starfshæfnisvottorði 8. apríl 2022 þar sem fram kom að hann væri 100% starfshæfur frá og með 4. sama mánaðar.
- 7 Ágreiningur reis milli aðila um hvernig telja bæri veikindadaga þegar um hlutaveikindi er að ræða og um hvenær starfsmaðurinn hefði tæmt rétt sinn til greiðslu launa í veikindaförföllum. Með tölvubréfi Rafiðnaðarsambandsins til stefnda 25. mars 2022 var gerð krafa um að talning veikindadaga yrði leiðrétt. Því var lýst að þegar starfsmaður væri að hluta veikur bæri að telja veikindadaga og vinnudaga eins og um tvo starfsmenn væri að ræða. Starfsmaður sem væri við störf tvo daga í viku en 40%

veikur ætti að vinna sér inn veikindarétt þá þrjá daga sem hann væri við störf. Bæri því ekki að telja alla virka daga vikunnar sem veikindadaga eins og gert hefði verið.

- 8 Af hálfu vinnuveitanda starfsmannsins var vísað til leiðbeininga um talningu hlutaveikinda sem er að finna á heimasíðu stefnda. Með tölvubréfi mannauðsstjóra sveitarfélagsins 18. mars 2022 var útskýrt að gerður væri greinarmunur á starfsmanni „í veikindaleyfi“ og „í starfi“. Starfsmaður í 60% starfi ávinni sér veikindarétt miðað við 60% starfshlutfall og með því að „skipta starfsmanni í tvennt [sé] lokaniðurstaðan rétt“. Hefði starfsmaðurinn í raun klárað 40% veikindarétt en ætti inni 60% veikindarétt. Þá sagði: „Þú getur ekki virkjað 60% veikindaréttinn þinn nema að skila inn vottorði fyrir „Magga í starfi“, þ.e.a.s. ef þú ferð í full veikindi. Það er ekki hægt að færa veikindarétt „Magga í starfi“ yfir á „Magga í veikindum“.
- 9 Ágreiningur málsaðila var lagður fyrir fund samstarfsnefndar þeirra 10. maí 2022. Í fundargerð kom fram að aðila greindi á um hvernig haga bæri talningu veikindadaga þegar vinnuveitandi hefði heimilað starfsmanni að vera í hlutaveikindum á móti skertu starfshlutfalli. Afstöðu beggja aðila var lýst og tekið fram að ekki hefði reynst unnt að komast að samkomulagi.

#### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

- 10 Stefnandi byggir á því að stefnda hafi ekki verið heimilt að líta svo á að allir almanaksdagar meðan á veikindum starfsmannsins stóð væru veikindadagar, enda hafi hann einungis verið 40% veikur og unnið þrjá daga í viku. Samkvæmt grein 12.2.1 í kjarasamningi eigi starfsmaðurinn rétt á að halda launum í 175 veikindadaga á hverjum 12 mánuðum. Þegar um hlutaveikindi sé að ræða eigi eingöngu að telja þá daga sem starfsmaður hefði átt að vera við störf en var frá vegna veikinda sem veikindadaga. Starfsmaðurinn hafi unnið þrjá af hverjum fimm dögum í hverri vinnuviku og skuli ekki telja alla virka daga sem veikindadaga. Þá standist ekki að telja helgardaga og frídaga á tímabilinu sem veikindadaga.
- 11 Stefnandi byggir á því að starfsmaður geti ekki þurft að taka út veikindadag þegar hann sé við störf. Slík túlkun sé andstæð ákvæðum laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og kjarasamningi aðila, auk þess sem hún stríði gegn tilgangi veikindaréttar og meginreglum vinnuréttar. Að sama skapi eigi vinnuveitandi ekki tilkall til vinnuframlags frá starfsmanni á frídegi.
- 12 Stefnandi telur framkvæmd stefnda við talningu veikindadaga mögulega geta staðist ef sveitarfélagið myndi með öðrum hætti bæta starfsmanni upp þá daga sem teknir séu af veikindarétti þrátt fyrir að hann hafi ekki verið frá vinnu. Þannig gæti framkvæmd sem tryggði að fullu ávinnslu nýrra veikindadaga í stað þeirra eldri tryggt að veikindarétturinn í heild sinni væri virtur. Það sé ekki raunin þar sem starfsmaðurinn öðlist einungis 60% veikindarétt vegna tímabilsins. Samkvæmt því dugi sá veikindaréttur sem stofnast ekki til að bæta fyrir þá skerðingu sem starfsmaðurinn

þurfi að þola. Þá geti leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga ekki réttlætt þessa framkvæmd.

- 13 Stefnandi telur túlkun stefnda í ósamræmi við þróun undanfarinna ára á sviði vinnuréttar þar sem leitast sé við að gera starfsfólki í veikindum kleift að koma til starfa að hluta frekar en hverfa alfarið af vinnumarkaði. Hafi þannig verið reynt að rýmka fyrir hlutastörfum á íslenskum vinnumarkaði, svo sem sjá megi af bókun 4 við kjarasamning aðila frá árinu 2020. Samkvæmt lögum nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum eigi starfsmenn í þeirri stöðu ekki að njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en starfsmenn í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra og málefnalega ástæðna. Mismununandi meðferð starfsmanna hvað varðar veikindarétt sem ekki styðst við málefnalegar ástæður sé jafnframt andstæð jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.
- 14 Til stuðnings seinni dómkröfum stefnanda er vísað til þess að stefndi leggi til grundvallar að á tímabilinu 13. september 2021 til og með 28. febrúar 2022 hafi starfsmaðurinn áunnið sér rétt til 60% launa í veikindaförföllum frá og með 1. mars 2022. Til þess að geta nýtt þennan rétt hafi starfsmaðurinn þurft að skila veikindavottorði sem miðast við 100% leyfi vegna veikinda. Stefnda sé óheimilt að gera slíka kröfu þegar starfsmaður nýti einungis rétt sinn til hlutaveikinda. Þar sem veikindi starfsmannsins hafi aðeins verið 40% á tímabilinu standist ekki að gera kröfu um 100% veikindavottorð. Krafa stefnda eigi ekki stoð í ákvæðum kjarasamnings, lögum á sviði vinnuréttar eða almennum reglum vinnuréttar.

#### **Málsástæður og lagarök stefnda**

- 15 Stefndi byggir á því að talning á veikindadögum starfsmannsins hafi verið í samræmi við kjarasamning aðila og þá túlkun sem beitt hafi verið í framkvæmd. Stefnandi horfi fram hjá því að samkvæmt skýru orðalagi greinar 12.2.1 í kjarasamningi skuli veikindadagar taldir í almanaksdögum. Í veikindum teljist því allir almanaksdagar til fjarvistardaga en ekki einungis virkir dagar eða væntanlegir vinnudagar samkvæmt vinnuskipulagi. Það breyti engu við talningu veikindadaga í hlutaveikindum þótt starfsmaður hafi skilað hluta af vinnuframlagi á veikindatímabili. Sé starfsmaður á annað borð veikur og geti ekki sinnt starfi skuli, óháð skertu starfshlutfalli, telja fjarvistir í almanaksdögum þar til starfsmaðurinn hafi tæmt veikindarétt sinn samkvæmt ávinnslu. Sé því ekki unnt að fallast á þann málátlíbúnað stefnanda að starfsmaðurinn hafi einungis nýtt 45 veikindadaga á því tímabili sem um ræðir.
- 16 Stefndi bendir á að heimild starfsmannsins til að sinna skertu starfi hafi verið reist á grein 12.2.10 í kjarasamningi aðila þar sem fram komi að vinni starfsmaður að læknisráði og „með leyfi forstöðumanns“ skert starf vegna slyss eða veikinda skuli miða „greiðslu veikindalauna fyrir dagvinnu við það starfshlutfall sem vantar á að hann sinni fullu starfi.“ Starfsmaðurinn hafi komist að samkomulagi við yfirmann sinn um að hann sinnti 60% starfshlutfalli og hafi veikindahluti því numið 40%. Að baki

ákvæðinu búi sú hugsun að starfsmaður sem hefur verið frá starfi vegna veikinda eða slyss fái aðlögunartíma þegar hann kemur aftur til starfa.

- 17 Hafi vinnuveitandi samþykkt hlutaveikindi starfsmanns beri að aðskilja talningu veikindadaga líkt og um tvo starfsmenn sé að ræða sem gegna hvor sínu hlutastarfi. Fyrirgreindur starfsmaður hafi fengið greidd laun í 169 daga þar sem hann hafi verið í 40% veikindum og skilað 60% starfi. Hann hafi áður verið veikur í átta daga og nemi nýttur veikindaréttur því samtals 177 dögum, það er tveimur dögum umfram áunninn veikindarétt. Frá 1. mars 2022 hafi greiðslur veikindalauna fallið niður þar sem starfsmaðurinn hafði tæmt veikindarétt sinn. Eftir sem áður hafi hann notið launagreiðslna fyrir 60% starfshlutfall. Hafa verði í huga að veikindaréttur sé talinn sjálfstætt í þeim hluta starfsins sem unnin sé. Ekki komi til úttektar þess veikindaréttar nema veikindin leiði til enn lækkaðs vinnuhlutfalls frá því sem verið hafi eða óvinnufærni að öllu leyti. Komi veikindaréttur vegna þess hluta starfs sem unnin sé því ekki til úttektar samhliða hlutastarfi. Til þess að geta nýtt sér veikindadaga í 60% veikindum hafi starfsmaðurinn þurft að skila inn læknisvottorði fyrir A í „starfi“ sem staðfesti minna starfshlutfall en 60% eða algera óvinnufærni, enda sé ekki hægt að færa veikindarétt í „starfi“ yfir á starfsmann í „veikindum“.
- 18 Stefndi krefst þess aðallega að seinni kröfuliðum dómkrafna stefnanda, þar sem vísað er til kröfu sveitarfélagsins um framvísun læknisvottorðs sem staðfesti 100% óvinnufærni, verði vísað frá dómi. Mat á heilsufari starfsmanns og færni til að vinna sé eftirlátið aðilum með læknisfræðilega menntun og geti vinnuveitandi ekki haft áhrif á slíkt mat. Fyrirliggjandi læknisvottorð staðfesti að starfsmaðurinn hafi verið óvinnufær að hluta vegna sjúkdóms og sé vinnuveitandi bundinn af því. Sé starfsmaður frá vinnu vegna veikinda nái heimild vinnuveitanda einungis til þess að krefjast læknisvottorðs og að það skuli vera frá trúnaðarlækni. Geti vinnuveitandi því ekki beint tilmælum til starfsmanns um að hann skuli framvísa læknisvottorði sem hafi að geyma tiltekna upplýsingar svo að starfsmaðurinn geti nýtt veikindarétt sinn. Við meðferð málsins hafi aldrei verið sett fram krafa um að starfsmaðurinn skilaði 100% læknisvottorði og hafi þannig ekki reynt á þau atriði sem kröfur stefnanda grundvallast á. Kröfur stefnanda séu að þessu leyti ekki dómtækar og beri að vísa þeim frá dómi.
- 19 Stefndi krefst til vara sýknu af seinni kröfuliðum dómkrafna stefnanda. Vísað er til þess að í mars 2022 hafi starfsmaðurinn leitað skýringa á talningu veikindadaga hjá stefnda. Starfsmanninum hafi meðal annars verið kynnt að hann hefði nýtt 169 daga í langtíma veikindum sínum, en áður verið veikur í átta daga. Fylgt hafi hlekkur á leiðbeiningar um talningu veikindadaga í hlutaveikindum á heimasíðu stefnda. Þá hafi mannauðsstjóri sveitarfélagsins sent starfsmanninum tölvubréf 18. mars 2022 þar sem framkvæmd við talningu veikindadaga í skertu starfi var útskýrð. Þar hafi komið fram að veikindaréttur hefði verið tæmdur 28. febrúar 2022 og að ef starfsmaðurinn hygðist nýta þá veikindadaga sem hann hefði áunnið sér fyrir 60% starfshlutfall yrði hann að

skila læknisvottorði sem sýndi fram á óvinnufærni A „í starfi“. Þessar upplýsingar hafi verið sendar til skýringar og hafi mannauðsstjórinn leitast við að sinna leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart starfsmanninum. Ekki hafi verið sett fram krafa um að starfsmaðurinn legði fram 100% læknisvottorð, líkt og stefnandi haldi fram, og verði því að sýkna stefnda af kröfunni.

### **Niðurstaða**

- 20 Ágreiningur aðila lýtur að skilningi á kjarasamningi og heyrir undir lögsögu Félagsdóms samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 21 Fyrri kröfur stefnanda eru settar fram vegna A, sem er félagsmaður í Félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi, en síðari kröfur vegna Rafiðnaðarsambands Íslands, en fyrrgreint stéttarfélag er meðal aðildarfélaga sambandsins. Við munnlegan málflytning kom fram að efnislega væri um sams konar kröfur að ræða og hefði kröfugerð verið hagað með framangreindum hætti vegna mögulegra vandkvæða við sönnun um atvik hvað starfsmanninn varðar. Að virtum þessum skýringum og með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eru ekki efni til að gera athugasemd við tilhögun kröfugerðar stefnanda.

### *Fyrri liðir dómkrafna stefnanda*

- 22 Með fyrri liðum dómkrafna stefnanda er leitað viðurkenningar á því að sveitarfélagið Árborg hafi brotið gegn 12. kafla kjarasamnings aðila með því að telja alla almanaksdaga á tilteknu tímabili, þar sem fyrrgreindur starfsmaður var að hluta veikur, sem veikindadaga. Stefnandi telur að eingöngu sé heimilt að telja þá daga þar sem starfsmaður hefði átt að vera við störf en var frá vegna veikinda sem veikindadaga og að önnur framkvæmd sé í andstöðu við lög nr. 19/1979, kjarasamning og meginreglur vinnuréttar.
- 23 Fjallað er um rétt starfsmanna vegna veikinda í 12. kafla kjarasamningsins. Samkvæmt grein 12.2.1 skal starfsmaður, sem ráðinn er til starfa á mánaðarlaunum, halda launum í nánar tilgreindan fjölda daga sem ræðst af starfstíma „svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum.“
- 24 Samkvæmt grein 12.6.1 skal hver stofnun halda skrá yfir veikindadaga starfsmanna. Flytjist starfsmaður milli starfa skal leggja saman veikindadaga hans í báðum störfum eftir því sem við á. Þá segir orðrétt í ákvæðinu:

Talning veikindadaga starfsmanns sem vinnur skert starf vegna slysa eða veikinda (hlutaveikinda) skal þannig framkvæmd að skilja að talningu líkt og um tvo starfsmenn væri að ræða, sem gegna hvor sínu hlutastarfinu, annar er veikur en hinn frískur. Telja skal veikindadaga hjá hinum veika að fullu en sá fríski ávinnur sér veikindarétt í samræmi við unnið starfshlutfall.

- 25 Fyrirgreindur starfsmaður sveitarfélagsins Árborgar er opinber starfsmaður og eiga lög nr. 94/1986 við um réttarstöðu hans. Á opinberum vinnumarkaði hefur sú framkvæmd lengi verið við lýði að við talningu veikindadaga starfsmanna er miðað við almanaksdaga. Staðan kann að þessu leyti að vera önnur samkvæmt einstökum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, svo sem ráða má af dómi Félagsdóms 17. desember 2020 í máli nr. 11/2020 sem stefnandi vísaði til við munnlegan málflutning.
- 26 Það kemur skýrt fram í kjarasamningi aðila að veikindadagar starfsmanns skuli taldir í almanaksdögum. Er þannig ekki gert ráð fyrir að talning sé bundin við daga þar sem starfsmaður hefði átt að vera við störf en er frá vegna veikinda. Þá er í grein 12.6.1 í kjarasamningnum sérstaklega fjallað um hvernig telja skal veikindadaga starfsmanns sem vinnur skert starf. Talning skal fara fram líkt og um tvo starfsmenn sé að ræða, annar veikur en hinn frískur, og er tekið af skarið um að sá fríski „[ávinni] sér veikindarétt í samræmi við unnið starfshlutfall.“
- 27 Stefndi hefur rökstutt að talning á veikindadögum starfsmannsins hafi verið í samræmi við framangreind ákvæði, sbr. einnig leiðbeiningar hans um talningu hlutaveikinda sem áður hefur verið vísað til. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að sveitarfélagið hafi tekið mið af því að veikindaréttur starfsmannsins tók til 175 daga, sbr. grein 12.2.1 í kjarasamningi, og að hann var aðeins veikur að hluta, þ.e. í 60% starfi og 40% veikur. Samkvæmt þessu ávann starfsmaðurinn sér veikindarétt þá daga í hverri viku sem hann var við störf og var með þessu móti tekið tillit til þess að hann var aðeins veikur að hluta. Á áunnin veikindarétt reyndi ekki eftir 1. mars 2022 og þar til starfsmaðurinn öðlaðist fulla starfsgetu 4. apríl sama ár, enda var veikinda- og starfshlutfall starfsmannsins óbreytt á því tímabili frá því sem verið hafði. Ekki verður séð að þessi framkvæmd, sem er í samræmi við kjarasamning aðila, stríði gegn lögum nr. 19/1979 eða meginreglum á sviði vinnuréttar. Að sama skapi verður ekki fallist á að starfsmanninum hafi verið mismunað hvað varðar veikindarétt og getur tilvísun stefnanda til laga nr. 10/2004 ekki stutt málalítilbúnað hans.
- 28 Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af fyrri liðum í dómkröfum stefnanda.

*Seinni liðir dómkrafna stefnanda*

- 29 Seinni liður fyrri dómkrafna stefnanda lýtur að viðurkenningu á að sveitarfélagið Árborg hafi brotið gegn 12. kafla kjarasamnings aðila með því að „krefjast“ þess að starfsmaðurinn „legði fram 100% veikindavottorð þegar hann var einungis veikur sem nam 40% veikindum en sinnti 60% starfi.“ Með seinni lið síðari dómkrafna stefnanda er krafist viðurkenningar á að sveitarfélaginu „sé óheimilt að gera það að skilyrði fyrir nýtingu veikindaréttar“ samkvæmt 12. kafla kjarasamningsins að „starfsmaður leggi fram vottorð um 100% veikindi á tímabili þar sem starfsmaður er einungis veikur að hluta og sinnir vinnu að hluta.“

- 30 Kröfuliðirnir eru þannig báðir reistir á þeim grunni að sveitarfélagið hafi sett fram kröfu eða gert að skilyrði að starfsmaðurinn skilaði læknisvottorði þar sem fram kæmi að hann væri að fullu óvinnufær til að geta nýtt veikindarétt sinn.
- 31 Stefndi byggir á því að vísa beri þessum kröfuliðum frá dómi þar sem sveitarfélagið hafi aldrei sett fram kröfu um slíkt læknisvottorð. Við munnlegan málflutning kom fram að stefnandi teldi sveitarfélagið hafa sett umrædda kröfu fram með tölvubréfi mannauðsstjóra til starfsmannsins 18. mars 2022. Áður hefur verið gerð grein fyrir efni tölvubréfsins sem hafði að geyma skýringar á því hvernig talningu veikindadaga væri háttáð. Ekki verður fallist á að með þessu hafi sveitarfélagið sett fram kröfu eða skilyrði um að starfsmaðurinn skilaði læknisvottorði með tilteknu efni.
- 32 Samkvæmt framangreindu eru kröfur stefnanda reistar á athöfnum sveitarfélagsins sem ekki verður séð að hafi átt sér stað. Telja verður að með þessari framsetningu leiti stefnandi álits um lögfræðilegt efni sem dómstólar verða ekki krafðir um samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Þegar af þessari ástæðu verður seinni liðum dómkrafna stefnanda vísað frá dómi.
- 33 Að virtum úrslitum málsins verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eins og í dómorði greinir.

### **Dómsorð:**

Kröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands, fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands, fyrir hönd Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi, vegna A, um að viðurkennt verði að sveitarfélagið Árborg hafi frá og með 1. mars 2022 brotið gegn 12. kafla kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rafiðnaðarsambands Íslands, með því að krefjast þess að A legði fram 100% veikindavottorð þegar hann var einungis veikur sem nam 40% veikindum en sinnti 60% starfi, er vísað frá dómi.

Kröfu stefnanda um að viðurkennt verði að sveitarfélaginu Árborg sé óheimilt að gera það að skilyrði fyrir nýtingu veikindaréttar samkvæmt 12. kafla fyrrgreinds kjarasamnings að starfsmaður leggi fram vottorð um 100% veikindi á tímabili þar sem starfsmaður er einungis veikur að hluta og sinnir vinnu að hluta, er vísað frá dómi.

Stefndi, Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélagsins Árborgar, er að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda.

Stefnandi greiði stefnda 600.000 krónur í málskostnað.